

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að börn fái sambærileg tækifæri til þátttöku í skóla- og frístundatengdum viðburðum**

Lagt er til að tryggt verði að börn í grunnskólum í Reykjavík njóti sambærilegra tækifæra til þátttöku í verkefnum og viðburðum á vegum þeirra, frístundaheimila eða félagsmiðstöðva, þegar greiða þarf sérstakt þáttökugjald. Tillagan lýtur að verkefnum og viðburðum sem grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar borgarinnar bjóða börnum að taka þátt í gegn greiðslu þáttökugjalds. Til að mynda afþreying utanhúss, heimsóknir á ýmsa staði og styttri ferðalög. Samkvæmt gögnum hjá skóla- og frístundasviði sitja börn í reykvískum grunnskólum ekki við sama borð þegar kemur að þátttöku í hinum ýmsu verkefnum/viðburðum þegar greiða þarf sérstakt þáttökugjald. Fulltrúi Flokks fólksins ræddi þetta ítarlega á borgarstjórnarfundi þann 16. júní sl. þegar hann lagði fram tillögu um að gerð yrði jafnréttisskimun í grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Þeirri tillögu var hafnað. Efnahagsþrengingar foreldra hafa iðulega áhrif á börnin. Fjölskyldur í efnahagsþrengingum geta ekki veitt börnum sínum það sama og betur staðir foreldrar. Skuldir og fjárhagsstaða foreldra eiga ekki að bitna á börnum. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að allir skuli njóta jafns réttar. Mismunun samrýmist ekki 2. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um jafnræði. Í aðalnámsskrá grunnskóla segir að ekki megi mismuna börnum eftir félagslegum aðstæðum þeirra. Skólabörn eiga að sitja við sama borð þegar kemur að skólatengdum verkefnum, frístund og félagsstarfi á vegum Reykjavíkurborgar.

#### **Greinargerð:**

Á bilinu 18-35 þúsund einstaklingar búa við fátækt hverju sinni eða 5-10% landsmanna. Af þeim eru 7-10 þúsund einstaklingar í mikilli neyð. Stærstur hluti þeirra eru einstæðir foreldrar, öryrkjar og fólk af erlendum uppruna, hælisleitendur, flóttafólk og innflytjendur.

Þeir sem eru með ráðstöfunartekjur undir 239.000 kr. á mánuði eiga á hættu að búa við fátækt. Foreldrar þessara barna hafa ekkert aukreitis og þurfa því stundum að neita börnum sínum um þátttöku í félagsviðburðum á vegum skóla og frístundar vegna fjárskorts. Fátækt fólk getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis spurt hvernig sé háttað með börn sem búa við fátækt þegar skólatengd verkefni, viðburðir eða ferðir kalla á óvænt útgjöld hjá foreldrum sem eiga ekki krónu aukalega.

Sé boðið upp á slíkt í tengslum við skólann fyrir gjald er ekki víst að allir foreldrar geti greitt það gjald. Þessi börn fá þar af leiðandi ekki sömu tækifæri til íþróttar og tólmstunda og börn foreldra sem eru fjárhagslega sterkari.

Það er vitað að allur gangur er á hvernig þessum málum er háttað í skólum og frístund og allur gangur er á hvernig síðan tekið er á málum þegar upp koma tilfelli sem hér er lýst.

Árið 2019 lagði borgarfulltrúi fram fyrirspurn um þáttökugjöld í grunnskólum og hverjir væru að greiða þau, foreldrar eða skóli. Á fundi borgarráðs 2. maí 2019 kom svar þar sem fram kom að sviðið leitaði eftir svörum frá 36 skólum. Niðurstöður eru að einhverjir skólar greiða yfirleitt kostnað vegna ferðalaga og viðburða. Foreldrar standa hins vegar einir straum af ferðum nemenda í 5 skólum og í 10 skólum standa þeir straum vegna aðgengis á árhátíð og í þremur tilfellum greiða foreldrar fyrir sumarhátíð.

Meirihlutinn í borgarstjórn og skóla- og frístundayfirvöld hafa sagt m.a. í bókun sinni við tillögu Flokks fólksins í júní sl. um að gerð yrði jafnréttisskimun í grunnskólum, frístundaheimilum og

félagsmiðstöðvum, að fyrirkomulagið í þessum málum sé með ýmsum hætti. Fram kemur í bókun þeirra að skólinn greiði oftast fyrir viðburði en fjáröflun er engu að síður í gangi þótt mismunandi sé milli skóla. Stundum er um að ræða samstarf foreldra, nemenda og skóla, með eða án fjáröflunar fyrir ferðalög með eða án gistingu. Einnig er það þannig að innheimta skal gjöld af foreldrum vegna gistiferða samkvæmt leiðbeiningum mennta- og menningarmálaráðuneytisins eins og segir í bókun meirihlutans. Í þeim tilfellum sem fjárhagur foreldra er hamlandi þáttur þá er reynt að grípa til einhverra annarra ráða til að leysa málin farsælega.

Af þessu má sjá að hér er um hálfgerðan frumskóg að ræða.

Það er skoðun fulltrúa Flokks fólksins að mikilvægt sé að fá upplýsingar um hvernig staðan sé nú, hvort þessi mál hafi færst til betri vegar því samkvæmt þessu eru börn ekki að njóta jafnræðis. Þessa þætti þarf að samræma til að auka möguleika barna á jöfnum tækifærum eins og kveður á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðalnámskrá og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Kortleggja þarf þetta nánar til að sjá hvort börn sitji við sama borð án tillits til efnahags foreldra.

En sú tillaga sem hér er lögð fram fjallar ekki um að gerð verði könnun heldur að borgarmeirihlutinn og skóla- og frístundaráð tryggi að börn í grunnskólum í Reykjavík njóti sambærilegra tækifæra til þátttöku í verkefnum og viðburðum á vegum þeirra, frístundaheimila eða félagsmiðstöðva, þegar greiða þarf sérstakt þátttökugjald.

Þær greiningar sem nú liggja fyrir hjá skóla- og frístundasviði um heildarkostnað við ýmiskonar viðburði innan skólanna í borginni er takmörkuð og gefur ekki fullnægjandi mynd. Taka þarf þessi mál alla leið og sjá til þess að öll börn í grunnskólum í Reykjavík njóti sambærilegra tækifæra í skólatengdum verkefnum.